

Nr. 033 / 14 Geisli**Vélarbilun og fylgt til hafnar**

Skipaskr.nr. 7385
Smíðaður: Hafnarfjörður 1994, plast
Stærð: 4,13 brl. 3,37 bt.
Mesta lengd: 6,62 m Skráð lengd: 6,6 m
Breidd: 2,5 m Dýpt: 1,33 m
Vél: Volvo Penta 147 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 2



Geisli©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. apríl 2014 var sjómælingaskipið Geisli við mælingar 3,5 sml austan Landeyjahafnar. Veður: Logn og ölduhæð einn metri.

Skipverjar urðu varir við gangtruflanir í vélinni og svartur reykur kom frá henni. Þegar verið var að athuga hugsanlegar orsakir stöðvaðist vélin. Skipstjóri lét strandstöð vita og varpaði akkeri á meðan verið var að reyna að koma vélinni í gang aftur sem tókst á endanum.

Sanddæluskipið Dísa fylgdi Geisla inn til Landeyjahafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að sílikon stíflaði olúflæði inn í húsinu fyrir fínsíurnar. Ekki er vitað nákvæmlega hvaðan það kom en tilgáta er um að sílikonið hefði losnað úr olútanknum;
- að vélin hafði verið í upptekt fjórum mánuðum áður og búið að keyra hana í u.þ.b. 30 klst. þegar þetta gerðist;
- að nefndin hefur verið með til umfjöllunar sambærileg atvik í málum nr. 131/06, 074/08, 077/10, 015/12, 072/12 og 113/13.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.